

**Bls. 5** Jóláhefðir á Spáni. Sabela segir frá jóláhefðum á Spáni, en hún kemur frá Coruña sem er ekki svo langt frá Santiago í norðvesturhluta Spánar.



**Bls. 7** Jóla-og áramótadagskrá Geysis. Fjölbreytt starf og gleymum ekki veislum, skemmtunum... Jú og jesúbarninu.



# Litli Hver

12. tbl. 2022



**Gleðileg jól og gott farsælt nýtt ár 2023**

# Sabela skrifar um jóla- og áramóthefðir á Spáni

## Tólf slög, tólf vínber

Það eru margir og fjölbreyttir jólasíðir víða, en á Spáni eru þrjár síðir mikilvægastir í jólahaldinu sem flestir halda upp á.

### 24. og 25. desember

Dagarnir 24. og 25. desember eru með þeim vinsælustu. Fjölskyldur hittast að kvöldi 24. og borða kvöldmat. Það er mjög algengt að eyða síðdeginu við að undirbúa ýmsa sérretti sem tekur langan tíma að útbúa. Venjulega er boðið upp á þrjá til fjóra rétti. Lystauka, sjávarréttir kjöt og alls konar eftirrétti (turrón, polvorones, mazapán).



Ýmsir eftirréttir og snakk sem er í boði á jólum. Á myndinni eru ýmsar gerðri sætinda (turrón, polvorones, mazapán)

Eftir matinn eru gjafirnar auðvitað ómissandi. Þetta er kvöldið sem jólasveinninn kemur með gjafir handa börnunum (og fullorðnum) sem hafa verið þæg allt árið. Sumir fá þó kolamola, þó að það sé alger undantekning. Allir fá jólagjöf að lokum. Sumir opna pakkana strax eftir matinn að kvöldi aðfangadags. Þeir setja þá pakkana undir tréð svo lítið beri á og opna pakkana eftir matinn. Svo eru aðrir sem fara að sofa eftir matinn því að jólasveinninn vinnur í skjóli nætur við pakkadreifingu og setur þá undir jólatréð. Þeir opna þess vegna pakkana að morgni 25. desember.

Daginn eftir safnast fjölskyldan saman og borðar hádegisverð. Venjulega eru það afgangar frá kvöldinu áður og kannski einn nýr réttur.



Fjölskylda Sabelu í jólaveislu. Hún er lengst til hægri á myndinni

Stundum duga afgangar í nokkra daga eftir aðfangadag.

### 31. desember og 1. janúar

Til þess að fagna áramótunum hittist fjölskyldan yfir kvöldmatnum með fjölbreyttum réttum líkt og á jólum. En að þessu sinni snýst allt um að undirbúa miðnætti. Fram að miðnætti fylgjast allir með í sjónvarpinu á meðan klukkan slær 12 slög. Það er hefð að hafa glas með 12 vínberjum fyrir framan sig og borða eitt ber fyrir hvert slag sem klukkan slær.



Vínberin bíða eftir miðnætti

Að þessu loknu fer fólk út að fá sér í glas og skemmta sér með vinum. Það er einnig hefð að ef fólk hefur þrek til að vaka alla nóttina fram á morgun er fólk leyst út með heitu þykku súkkulaði og steiktu sætabraudi sem dýft er í súkkulaði (chocolate con churros) áður en næturhrafarnir halda heim á leið.

### 5. og 6 janúar

Auk þess að hafa jólasveininn á jólum þá er einnig haft mikið við konungana þrjá eða vitringana eftir áramótin. (Á spænsku eru þeir kallaðir Los Tres Reyes Magos sem þýðir í raun töfrakonungarnir þrír). Samkvæmt hefðinni ríða þessir þrjár konungar um borgirnar á kameldýrunum sínum þann 5. janúar og banka



**Konungarnir þrír fara um götur borgarinnar og dreifa sælgæti**

upp á í öllum húsum og útteilda pökkum.

Áður en fólk fer að sofa verður það að skilja eftir mat og drykk fyrir þremminganna og kameldýrin svo þeir geti haldið áfram ferðalagi sínu. Í rauninni eru það foreldrarinn sem og fullorðna fólkid sem kemur gjöfunum fyrir í skjóli nætur.

Til þess að bjóða þessa þrenningu velkomna er haldin stór og fjölmenn skrúðganga í borginni þar sem hún eru í aðalhlutverki,



**Briggja konungakakan**

veifar mannfjöldanum og kasta sælgæti til barnanna.

Á morgni 6. janúar þegar fólk vaknar finnur það pakkana og opnar þá. Í morgunmat er hefðbundið að borða þriggja konunga kökuna Roscón de Reyes sem er hringlaga sætabrauð. Inni í því er gjöf (lítill mannvera) einnig er ein baun falin í kökunni en sá sem fær hana verður að borga þriggja konunga kökuna.

### **Sabela Fernández Vázquez**

*Höfundur er sjálfboðaliði  
í Klúbbum Geysi.  
Benni sneri á íslensku*

# Forsíðumyndin

**Grýla og Leppalúði mættu til að fylgjast með þegar kveikt var á jólakettinum í Reykjavík.**

Jólakötturinn er óvættur í íslenskum þjóðsögum og er húsdýr hjá Grýlu og Leppalúða. Jólakötturinn er þekktur fyrir að éta börn sem ekki fá flukur fyrir jólin. Börnunum var til dæmis gefið kerti og einhverjar spjarir, sokk-ar eða skór, til þess að þau þyrftu ekki að klæða köttinn eins og sagt var. Í öðrum útgáfum frá sagnarinnar étur jólakötturinn matinn frá börnunum frekar en börnin sjálf. Og í enn öðrum gildir þetta jafnt um fullorðna.



**Skötuhiúin Grýla og Leppalúði fylgdust með af miklum áhuga**

## Björn Thoroddsen galdrar fram töframáttinn

Síðustu tónleikar Töframáttar tónlistar á þessu ári voru haldnir 28. nóvember síðstliðinni í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi. Þar steig á pall hinn fjölhæfi og magnaði gítaristi Björn Thoroddsen sem fangaði salinn í gítarísku gjörningaveðri og dáleiddi tónleikagesti eins og honum er einum lagið. Dagskráin fjölbreytt allt frá bítlum gegnum jass í dramatískan tangó og Óla Gauk. Björn er og sagnamaður góður og lét fljóta með milli ópusa bransasögur og frásagnir af hvernig áhugi hans á gítarleik kom til. Góðmenni og snillingur í sameinaðri hollningu tóna og frásagnar. Kærar þakkir Gunnar Kvaran fyrir að halda úti þessu einstaka afreki sem Töframáttur tónlistar er og Björn takk sömuleiðis.




**Björn í góðri innlifun**

# Matseðill fyrir desember 2022

## Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

**Alla daga er hægt að panta sér salatskál a la grande.  
Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00**

Mán.	Pri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
			1. HLADBORD	2. Kjúklingaréttur a la Guðrún Dóra Jarðaberjagrauttur	3.
5. Tortolla a la Sabela	6. Fiskur í ofni með hrisgrjónum	7. Pastaréttur	8. Pylsur með öllu í hádeginu  <b>Jólaveislan kl. 18.00 - 21.00</b>	9. HLADBORD	10.
12. Grjóna- grautur	13. Steiktur fiskur, kartöflur, salat og kokteilsósa	14. Burrito	15. HLADBORD	16. Steiktar kjötbollar með kartöflum brúnni sósu, sultu, grænum baunum og rauðkál	<b>17. Litlu jólin Hangikjöts- veisla Kl: 11.00 - 15.00</b>
19. Aspas- súpa og brauð	20. Karry- fiskréttur a la Guðrún Dóra	21. Fiskitaco	22. HLADBORD	23. Skata, saltfiskur með kartöflum hamsatölg og rúgbrauði	<b>24. Aðfangadagur Hátíðarmatur Kl: 10-14</b>
<b>26. Annar í jólum. Jólakaffi kl. 14.00 -16.00</b>	27. Tarta- lettur	28. Lasagne	29. HLADBORD	30. Hamborgarar með grænmeti, frönskum og kokteilsósu	<b>31. Áramóta- súpa að hætti Geysis 11.00 - 14.00</b>

Hefur þú tillögur að skemmtilegrí matseld og hugmyndir um að auka fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10:30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.



## Þórðarspeki



Betra er eitt brauð á diskum en tvö í búð.

Ekki þarf oft að leita að tunglinu.

Oft koma björgunarsveitarmenn af fjöllum.

Oft góla úlfar þegar tunglið er fullt.

Oft verða einhleypir ýmsum öðrum að féþúfu.

Oft koma sveinar um jólin.

Oft finna menn norsk jólatré í Heiðmörk

## Fullkomin jól

Það myndu jólin fullkomna.

Ef það yrði engin snjócoma.

Hlýtt úti fallega

Yndislega ánægja 😊

Arnar Laufeyjarson

## Geysisvísur

Ef þér finnst þú andans flak og allt sé í reiðileysi.

Ég segi við þig taktu þér tak og trítlaðu niður í Geysi.

Í Geysi er gaman að vera Grænmeti í eldhúsi að skera.

Hlæja og rabba

Röfla og kvabba

við mannfólkið mjóa og svera.

Ólöf Þóra Steinólfsdóttir

## Spurning mánaðarins:

### Ferðu á jólatónleika í ár?



**Helgi:**

Já, Jólagesti Björgvins, 17. desember klukkan 17:00.



**Krissa:**

Já!



**Sabela:**

Ætla að reyna komast. Væri gaman að fara á jólatónleika.



**Björney:**

Ekki í ár.



**Gísli:**

Byst ekki við því.



**Úlfur:**

Líklega ekki, langt síðan ég fór á consert.



Þessi föngulegi kvennahópur skoðaði samsýninguna Norður og niður í Listasfni Reykjavíkur Hafnarhúsi í félagslegri dagskrá klúbbsins fimmtudaginn 1. desember síðastliðinn. Einkar áhugaverð sýning og ánægjulegt hversu Ingunni Fjólu myndlistarkonu (lengst til vinstri) tókst frábærlega að uppfræða hópinn um innstu og ystu rök samtímans sem birtist á þessari sýningu. Takk fyrir okkur.

## Jólaþveðja frá Dódó á Dalatanga



Hæhæ kærú Geysisfélagar. Ég hef saknað ykkar mjög mikið. Ég er búin að vera að gera margt síðan síðast. Nú er margt og mikið að gerast hjá mér og kæró á næstunni. Við eigum draum um að fara til Tenerife í mars alveg sama hvað seðlabankastjóri segir og ætlum við að njóta okkar vell! Okkur langar að óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Þangað til næst. Dódó og kæró



### Styttist í opnun Hlaðvarps Geysis

Vel skal vanda sem lengi skal standa segir á góðum stað. Nú er verið að mála og leggja síðustu hönd á hlaðvarpsstúdíóið. Á myndinni er Fannar að mála tækjaborðið og á efri myndinni er viðtalsborðið. Vonumst til að nú verði hafnar útsendingar á fullu á nýju ári. Þetta hefur verið þolinmæðisverk en að sama skapi árangursrík vinna og skemmtileg.

# Jóladagskrá Geysis í desember

**Fimmtudagur 8. desember**

**Jólaveisla Klúbbsins Geysi.**

Hamborgahryggur með öllu  
Eftirréttur

Glæsilegt happdrætti

Verð: **4000 kr.**

Staðfestingagjald: **1000 kr.**

Auka happdrættismiðar:  
**500 kr**

Síðasti skráningardagur er 2.  
des Húsið opnar kl 18.00

**Laugardagur 17. desember.**  
**Litlu jólin í Geysi**

Húsið opnað kl. 10.00

Lokað kl. 14.00

Verð: 2.500 kr.

Staðfestingagjald: 1000 kr.

Munið að koma með ódýran  
jólapakka að leggja í púkk.

Óvæntur jólagestur.

Síðasti skráningardagur er  
12. desember.

**Föstudagur 23. desember**  
**Skötuveisla Geysis kl. 12.30**

Verð: 2000 kr.

Einnig verður hægt að panta  
saltfisk.

**Laugardagur 24. desember**

**Aðfangadagur**

**Opið frá 10.00 til 15.00**



Lambalæri

Kaffi og konfekt á eftir

Verð: 3.000 kr.

Staðfestingagjald

1.500 kr.

Síðasti skráningardagur

er

19. desember.

**Laugardagur 31. desember**  
**Opið frá 11.00 til 14.00**

Gamlársdagssúpa Geysis

Verð: 800

Kaffi og konfekt á



# Litli Hver



Clubhouse International  
Creating Community: Changing the World of Mental Health

## Geðheilsa er líka heilsa

### Félagsleg dagskrá í desember



Fimmtudagur 8. desember  
Jólaveislan  
Kl. 18.00 - 21.00

Fimmtudagur 15. desember  
IKEA ferð kl. 16.00.  
Nánar auglýst síðar

Laugardagur 17. desember  
Litlu jólin  
Kl. 10.00 til 14.00

Fimmtudagur 22. desember  
Laugavegsjólagaanga kl. 16.00

Laugardagur 24. desember  
Hátíðarmatur  
Kl. 10.00 til 14.00

Fimmtudagur 29. desember  
Farið út að borða.  
Nánar auglýst síðar

Laugardagur 31. desember  
Áramótasúpa  
Kl. 10.00 til 14.00

Afmælisveisla félaga sem eiga  
afmæli í desember verður  
haldin þriðjudaginn  
27. desember kl. 14:00

### Laufabrauð

13. desember kl. 14.00

Að hefðbundnum  
síð ætlum við að  
hittast  
þriðjudaginn 13.  
desember til að  
skera út  
laufabrauð. Það er  
alltaf stemning yfir laufabrauðsskurði á  
aðventunni svo við hvetjum félagi til þess  
að koma og njóta stundarinnar saman.



### Jólaskop

Að afloknu jólafrú var leikskólakennari að  
spyrja nemendur sína um það hvernig þeir  
hefðu haldið jólin hátíðleg.  
Þegar hún kom að Samma litla, en faðir hans  
átti leikfangabúð bæjarins, sagði hún:  
"Sammi, þar sem þú ert gyðingur, trúi ég að  
þið hafið ekki haldið jólin hátíðleg."  
Sammi svaraði: "Ó jú kennari, við gerðum  
það! Við héldumst öll í  
hendur og dönsuðum í kringum búðarkassan  
og sungum; "Ó, sú náð að eiga Jesú"

Jólakaffi 2. í jólum  
26. desember

Muni jólakaffið annan í  
jólum kl. 14.00 til 16.00

Gleðileg jól